



Íslenska 9. bekkur 2025-2026

Á skólaárinu er ætlast til að nemendur dýpki þekkingu sína á heimi Íslendingasagna með lestri Laxdæla sögu og fjölbreyttri verkefnavinnu tengdri lestrinum auk þess að lesa íslenskar unglingabækur og vinna að verkefnum tengdum þeim. Einnig verður hlustað á útvarpsleikrit úr sögunni Vetrarfrí eftir Hildi Knútsdóttur. Í málfræði er markmiðið að nemendur öðlist þekkingu á ýmsum málfræðihugtökum með áherslu á sagnorð. Einnig verður framsögn þjálfuð og nemendur lesa og hlusta á mismunandi ljóð og læra að þekkja ýmis ljóðahugtök.

Kennsluaðferðir

Ýmsar leiðir eru farnar í kennslunni, t.d. er viðhöfð bein kennsla, einstaklingsvinna, samvinnunám og hópavinna, ritunarverkefni, skapandi verkefni og áhorf.

Námsefni

Málfinnur, Laxdæla, Kveikjur, Neistar, Útbrot, Gullvör – kennslubók í málfræði fyrir unglingastig, Stafsetning fyrir heimili og skóla, ljósrituð verkefni og annað efni frá kennara, skáldsagan Vertu ósýnilegur – Flóttasaga Ishmaels eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur og útvarpsleikritið Vetrarfrí eftir Hildi Knútsdóttur. Auk þess verður unnið með námsefni af vef.

Námsmat

Hópavinna og kynningar eru metnar, stafsetning, verkefnavinna úr bókmenntum, samvinnupróf, sagnorðakönnun, framsögn/flutningur á ljóði og tímaverkefni úr kvikmyndum.

Kennarar Guðfinna Auður Guðmundsdóttir og Lilja Jóna Torfadóttir



Stærðfræði 9. bekkur 2025-2026

Kennslustundir eru 4 x 60 mínútur á viku. Megintilgangur náms í stærðfræði er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota stærðfræði sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Í stærðfræðinámi þurfa nemendur að þróa með sér hæfni til að setja fram og leysa viðfangsefni, ígrunda ólíkar aðferðir og líkön sem nýtast við lausnir þeirra og leggja mat á niðurstöður.

Hæfni í stærðfræði felst í að hafa ljósan skilning á stærðfræði, geta spurt og svarað með henni og notað tungumál og verkfæri hennar. Til þess að öðlast þessa hæfni þurfa nemendur að þróa með sér jákvætt viðhorf til stærðfræði, trú á eigin getu og rækta með sér það viðhorf að stærðfræði sé skynsamleg og nytsamleg. Í því felst að geta leitað lausna og sett stærðfræðileg viðfangsefni fram á fjölbreyttan hátt, með því að beita skapandi hugsun, ígrundun og röksemdum og setja fram stærðfræðileg líkön.

Unnið er með stærðfræðilegar aðferðir sem nýtast í daglegu lífi, mynstur og kerfi, rökhugsun og táknmál stærðfræðinnar. Námsþættir vetrarins eru talnareikningur, línuleg föll, mál og mælingar, rúmfræði og útreikningar, líkur og talningarfræði.

Kennsluaðferðir

Kennslan fer fram í formi innlagna, einstaklingsvinnu, hóp- og stöðvavinnu ásamt verkefnavinnu og verkefnaskilum. Einnig verða myndbönd og annað námsefni á Google classroom.

Ef ekki næst að ljúka við áætlun í kennslustundum þarf að gera það heima. Upplýsingar um heimavinnu eru settar inn á Mentor.

Námsefni og gögn

Skali 2A Nemendabók og Æfingahefti, Átta-tíu. Auk þess er notast við ljósrit og annað efni frá kennara.

Námsmat

Námsmat er unnið skv. aðalnámsskrá og gefið í bókstöfum D-A. Það samanstendur af kaflaprófum og verkefnaskilum, hópaverkefnum, stöðvavinnu í kennslu, þrautalausnum o.fl. Einnig verða minni verkefni á Google Classroom.

Kennarar Bjarni Sævar Þórsson og Guðrún Þóra Bjarnadóttir



Náttúrufræði 9. bekkur 2025-2026

Að nemandi geti

- Gert grein fyrir því hvernig niðurstöður rannsókna hafa haft áhrif á tækni og atvinnulíf í nánasta umhverfi og samfélagi og hvernig þær hafa ekki haft áhrif.
- Skýrt með dæmum hvernig náttúruvísindi, tækni, menning, heimsmynd mannsins og náttúran hafi áhrif hvert á annað.
- Framkvæmt og útskýrt sérhannaðar eða eigin athuganir úti og inni.
- Lýst hringrás efna og flæði þess í náttúrunni.
- Nýtt frumeindakennninguna og lotukerfið til að útskýra eiginleika efna, efnabreytingar og hamskipti.
- Enn frekar eiga nemendur að:
 - Þekkja hugtökin frumefni, efnasamband og efnablanda
 - Geta útskýrt sætistölur og efnaflokka lotukerfisins
 - Geta útskýrt efnaformúlur og einföld efnahvörf
 - Geta stillt af efnajöfnur
 - Þekkja hamskipti efna
 - Þekkja hugtökin jónir og sölt og efnafræðilega eðliseiginleika þeirra
 - Geta útskýrt muninn á útvermum og innvermum efnahvörfum
 - Geta útskýrt muninn á háu og lágu sýrustigi
 - Geta framkvæmt og skráð einfaldar tilraunir á vísindalegan hátt

Kennsluaðferðir

Kennslan fer fram í formi innlagna, einstaklingsvinnu, hóp- og stöðvavinnu. Verkefni og aðrar upplýsingar verða á Google Classroom. Nemendur lesa heima fyrir hverja kennslustund og ljúka áætlun í náttúrufræði heima. Upplýsingar um heimavinnu eru settar inn á Mentor.

Námsefni og gögn

Efnisheimurinn, Eðlisfræði 1 ásamt Næringarfræði, Rafmagnsfræði og öðru efni frá kennurum.

Námsmat

Námsmat er unnið skv. aðalnámsskrá og gefið í bókstöfum D-A. Það samanstendur af verkefnaskilum, kaflaprófum, myndbandagerð, heimsasíðugerð, stöðvavinnu, tilraunum og verkefnavinnu í tímum. Einnig verða minni verkefni á Google Classroom.

Kennarar Bjarni Sævar Þórsson og Sigurlaug Hauksdóttir



Samfélagsfræði 9. bekkur 2025 - 2026

Í 9. bekk er áhersla lögð á gagnrýna hugsun, stjórnmálalæsi og sögulegt samhengi. Markmiðið er að nemendur skilji þau átök og hugmyndakerfi sem mótuðu 20. öldina og geti greint áhrif þeirra á nútímann. Unnið er með alla sex hæfnipætti samfélagsgreina:

Vinnulag samfélagsgreina: Nemendur þjálfast í gagnrýnni hugsun gagnvart fjölmiðlum og tækni, læra að þekkja áróður, falsfréttir og áhrif samfélagsmiðla á lýðræðið.

Sjálfsmynd: Nemendur vinna markvisst með styrkleika sína

Siðferði og trú: Fjallað er um mannréttindi á stríðstímum og tekist á við siðferðileg álitamál tengd valdi og tækni.

Borgaravitund: Nemendur greina ólíka stjórnarhætti og hugmyndafræði (t.d. lýðræði, fasisma og kommúnisma) og áhrif þeirra á samfélög.

Saga: Nemendur öðlast skilning á orsakasamhengi heimsstyrjaldanna, heimskreppu og hvernig fortíðin mótar nútímann.

Jörðin okkar: Skoðað hvernig átök og auðlindanýting (t.d. olía, landsvæði) tengjast og hafa áhrif á umhverfið.

Kennsluaðferðir

Kennslan byggir á fjölbreyttum aðferðum þar sem áhersla er lögð á leiðsagnarnám og sjálfstæði. Nemendur vinna saman að stærri verkefnum, nýta tækni við upplýsingaöflun og miðlun og taka þátt í umræðum.

Námsefni og gögn

Notast er við bækurnar Lýðræði og tækni og Styrjaldir og kreppa ásamt ítarefni, myndböndum og stafrænum gögnum.

Námsmat

Námsmat er símat og byggir á virkni, verkefnaskilum og könnunum. Nemendur fá endurgjöf jafnt og þétt. Einkunnir eru gefnar í bókstöfunum A, B+, B, C+, C og D í samræmi við viðmið Aðalnámskrár.

Kennari Þuríður Aðalsteinsdóttir



Enska 9. bekkur 2025-2026

Tungumálakunnátta er lykill að samskiptum og víðsýni. Í 9. bekk dýpka nemendur skilning sinn á ensku og lögð er áhersla á að þeir geti tjáð sig um persónuleg og samfélagsleg málefni, nýtt sér fjölbreytta miðla og sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum. Unnið er út frá lykilhæfnipáttum tungumála:

Hlustun og talað mál:

- Nemandi geti skilið fyrirhafnarlítið talmál um þekkt efni og greint aðalatriði í fréttatengdu efni.
- Geti tjáð skoðanir sínar og tilfinningar á lipran hátt og tekið þátt í óundirbúnum samræðum.
- Geti flutt undirbúna kynningar og sagt frá eigin reynslu og væntingum.

Lestur:

- Nemandi geti lesið og skilið smásögur, stuttar skáldsögur og aðgengilegt fræðsluefni.
- Geti nýtt sér samhengi texta til að skilja óþekkt orð.
- Geti beitt mismunandi lestrar- og hlustunaraðferðum eftir tilgangi (s.s. að finna aðalatriði eða smáatriði).

Ritun og málnotkun:

- Nemandi geti samið fjölbreytta texta (sögur, ljóð, bréf) og tjáð sig um efni sem hann hefur kynnt sér.
- Hafi vald á uppbyggingu texta (efnisgreinum), tengiorðum og greinarmerkjasetningu.
- Geti lagað málfar sitt að aðstæðum (t.d. formlegt vs. óformlegt) og beitt helstu málfræðireglum.

Kennsluhættir og vinnulag

Lögð er áhersla á fjölbreytni og virkni nemenda:

- Vinnulag: Einstaklingsvinna, paravinna og hópverkefni.
- Stafræn hæfni: Notkun tækni við upplýsingaleit, ritun og kynningar.
- Samþætting: Unnið jafnt með alla færniþætti (hlustun, tal, lestur, ritun).

Námsgögn

Spotlight 9 (lesbók og vinnubók). Kjörbækur og stuttar skáldsögur. Efni af veraldarvefnum, hljóð- og myndefni.

Námsmat

Námsmat byggir á leiðsagnarmati í samræmi við hæfniviðmið (A, B+, B, C+, C, D).

- **Hlustun og tal:** Hlustunaræfingar, kynningar og munnleg samskipti í tímum.
- **Lestur:** Lesskilningsverkefni og úrvinnsla úr kjörbókum.
- **Ritun og málfræði:** Stutt ritunarverkefni, málfræðiæfingar og kaflapróf.

Símat fer fram yfir allan veturinn þar sem horft er til vinnuframlags, framfara og hæfni í fjölbreyttum verkefnum.

Kennarar Guðný Eygló Ólafsdóttir og Erla Mekkín Jónsdóttir



Danska 9. bekkur 2025-2026

Unnið verður með ýmiss konar texta, þematengda, smásögur, lagatexta, bókmenntatexta og fleira. Markmiðið er að auka lesskilning og orðaforða og að þjálfar nemendur í framsögn og hlustun.

Kennsluaðferðir

Lögð verður áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir sem miða að því að efla sjálfstæði og frumkvæði nemenda við lausnir viðfangsefna. Meðal annars innlagnir, paravinna, hópavinna, hlustun/áhorf, ritun, talæfingar, umræður, vinnubókarvinna, stuttmyndagerð, töflukennsla, lestur, ýmsir leikir, spurningakeppni. Skapandi vinna skipar stóran sess í tímum hjá okkur.

Námsefni og gögn

Smil lesbók, „Smil vinnubók, internetið, Terkel i knibe (dvd), Scooter (bókmenntir), Fighter (dvd), Tro, håb og kærlighed (dvd) og ýmislegt efni frá kennara.

Námsmat

Lesskilningskannanir, Scooter (bókmenntakönnun), Terkelverkefni (video), Ritun, Tískusýning (ritun + kynning), Fighterverkefni (netleiðangur), verkefni úr þáttum fra dr.dk., auglýsing (stuttmyndagerð).

Hér verður notast við skrifleg próf sem verða hefðbundin próf, parapróf og gagnapróf. Við mat á Auglýsingu verður jafningjamat og sjálfsmat. Ritunarverkefni verða ferlisritun, þar sem nemendur fá endurgjöf eftir fyrstu skil og skila svo aftur.

Kennari Erna Björg Guðlaugsdóttir



Lífsleikni 9.bekkur 2025 – 2026

Í lífsleikni 9. bekkjar er lögð áhersla á að nemendur:

- Efli góðan bekkjaranda.
- Þekki eigin styrkleika og veikleika og að þeir verði færir um að taka ákvarðanir á þeim grunni.
- Geti sýnt fram á skilning á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.
- Þekki grundvallarþarfir sínar (U.t.á).
- Átti sig á hugmyndinni um vaxandi hugarfar.
- Þjálfist í að halda bekkjarfundi.

Að auki er lögð áhersla á að nemendur:

- Fái þjálfun í að vinna með öðrum.
- Átti sig á að árangur felst í því að gefast ekki upp.

Kennsluaðferðir

Kennt er einu sinni í viku 50 mínútur í senn. Innlögn í upphafi kennslustundar, mynbönd, hljóðbækur, einstaklingsvinna, fyrirlestrar og para-og hópavinna. Unnið er í stöðvum við úrvinnslu á einstökum verkefnum.

Námsefi og gögn

Námsefnið Uppeldi til ábyrgðar, Bekkjarfundaheftið eftir Ingileif Ástvaldsdóttur, ýmiss myndbönd af netinu og kvikmyndir, fræðsla og heimsóknir í tengslum við námsefnið.

Námsmat

Leiðbeinandi símat í hverri kennslustund. Lögð er áhersla á að leiðbeina á uppbyggjandi hátt og hrósa fyrir góð vinnubrögð. Lokanámsmat byggir á þátttöku og virkni í kennslustundum. Námsmat er unnið samkvæmt hæfnikorti Aðalnámskrár grunnskóla.

Umsjónarkennari Þuríður Aðalsteinsdóttir



Fjármálalæsi 9. bekkur 2025-2026

Megintilgangur náms og kennslu í fjármálalæsi er að nemendur fái að kynnast grunnþáttum hvað varðar fjármál einstaklinga. Einnig farið í fyrstu skrefin á atvinnumarkaði ásamt því að læra grunnþætti í töflureikni og á Google skólaumhverfið. Unnið er út frá hæfniviðmiðum í fjármálalæsi og upplýsingartækni.

Kennsluaðferðir

Notaðar eru fjölbreyttar kennsluaðferðir svo sem bein innlögn kennara, myndbönd og fjölbreytt verkefni. Nemendur vinna verkefni á Google skólaumhverfinu, fá leiðbeinandi mat frá kennara og skila í skilahólf. Nemendur eru hvattir til að beita skapandi hugsun, ígrundun og röksemdum og tjá sig um viðfangsefni sín með þeim orðaforða sem þeir tileinka sér í fjármálalæsi og upplýsinga- og tæknimennt.

Námsefni og gögn

Nemendur kynnast fjármálalæsi og upplýsingatækni- og miðlun með þeim vinnuaðferðum og hugtökum sem tengjast námsefninu. Notast er við rafrænt námsefni til stuðnings við kennslu og vinnulag. Google Classroom er nýtt til að halda utan um vinnu nemenda og mat á verkefnum.

Námsmat

Lögð er áhersla á leiðsagnarnám þar sem nemendur fá endurgjöf og leiðsögn á uppbyggjandi hátt jafnt og þétt í námsferlinu. Fjármálalæsi er unnið út frá hæfniviðmiðum aðalnámskrár í fjármálalæsi og upplýsinga- og tæknimennt.

Kennari Guðrún Þóra Bjarnadóttir



Margmiðlun 9. bekkur 2025-2026

Megintilgangur náms og kennslu í margmiðlun er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að rækta með sér áhuga og þekkingu á tækjabúnaði og tækninni sem er allt í kring um okkur og þróa með sér tæknivítund. Unnið út frá hæfniviðmiðum aðalnámskrár í upplýsinga- og tæknimennt.

Kennsluaðferðir

Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar og byggja á sýnikennslu og beinni innlögn þar sem nemendur fá tækifæri til að efla skilning á tæknilegum lausnum. Nemendur eru hvattir til að beita skapandi hugsun og ígrundun, ásamt því að huga að stafrænni borgaravitund.

Helstu verkefni og viðfangsefni eru:

- **Grunnforritun:** Sköpun og lausnaleit í gegnum kóða.
- **Hreyfimyndagerð:** Að segja sögur og miðla efni með hreyfimyndum.
- **Þrívíddarteikning:** Vinna í þrívíddar teikniforritum.
- **Vefhönnun:** Hönnun og uppsetning heimasíðu.

Google Classroom er notað til að halda utan um verkefni og gögn.

Námsefni og gögn

Nemendur kynnast upplýsingatækni- og miðlun og þeim vinnuaðferðum og hugtökum sem henni tengjast. Þeir nota rafrænt námsefni/forrit til stuðnings við vinnutækni og vinnulag. Áhersla er á að nemendur fái tækifæri til skapa verkefni í grunnforritun, hreyfimyndagerð, þrívíddar teikniforriti og hanna heimasíðu. Google Classroom er notað til að halda utan um verkefni nemenda.

Námsmat

Lögð er áhersla á leiðsagnarnám þar sem nemendur fá endurgjöf og leiðsögn á uppbyggjandi hátt jafnt og þétt í námsferlinu. Í námsmati er horft til hæfniviðmiða í upplýsinga- og tæknimennt, sköpun og miðlun, lausnaleit og stafrænni borgaravitund, þar sem metið er hvernig nemandi beitir tækni og hugbúnaði við sköpun (myndvinnslu, hönnun og netmiðlun) og hæfni hans til lausnaleitar við tæknileg viðfangsefni.

Kennari Guðbjörg Bjarnadóttir



Áhugatengt nám 8.-10. bekkur 2025-2026

Nemendur mæta í kennslustund einu sinni í viku og vinna einnig sjálfstætt í skóla eða heima fyrir. Áhersla er á að nemendur fái tækifæri til að skapa verkefni tengd eigin áhugasviði undir leiðsögn kennara. Nemendur eru hvattir til að gera tilraunir með efni og aðferðir, rannsaka möguleika til úrlausna og finna tengingar og fyrirmyndir sem nýtast til að ná betri tökum á verkefninu. Mikilvægt er að nemendur fái tækifæri til að rækta með sér áhuga og þekkingu á fjölbreyttum viðfangsefnum.

Kennsluaðferðir

Kennarar fylgjast með vinnuferli nemenda og skoða viðfangsefni þeirra jafnt og þétt yfir önnina. Nemendur fara yfir leiðbeinandi athugasemdir frá kennara og eiga að skoða hvernig þeir geta kafað dýpra í námsefnið, nýtt sér leiðsögn, endurgjöf og gagnrýni frá kennara á uppbyggilegan hátt. Viðmið leiðsagnarnáms eru höfð í huga þegar kennarar gefa endurmat á vinnu nemenda.

Námsefni og gögn

Nemendur eru hvattir til að beita skapandi hugsun, ígrunda og nota rafrænt námsefni/forrit til stuðnings við vinnutækni og vinnulag. Google Classroom er notað til að skila inn verkefnum nemenda og kennarar skrá þar inn endurgjöf.

Námsmat

Áhugatengt nám er metið eftir fyrir fram gefnum hæfniviðmiðum byggðum á lykilhæfni Aðalnámskrár. Verkefni nemenda sem eru metin:

Lyfturæða: þar sem hugmynd af verkefni annarinnar er kynnt í stuttu myndbandi. Nemendur segja hvað þeir vilja læra og hvaða leiðir þeir ætla að fara til að ná markmiðum sínum.

Dagbók: nemendur skrá vinnuferli sitt, vanda framsetningu og setja inn myndir og myndbönd af vinnuferlinu.

Kynning á lokaverkefninu: nemendur kynna verkefni sitt á skýran og skapandi hátt, segja frá vinnuferlinu og ígrundunum sínum við lok verkefnisins

Vinna í kennslustund: áhersla er á að nemendur geti leyst fjölbreyttar áskoranir við vinnuferlið og nýtt sér leiðsögn og endurgjöf til að gera betur.

Kennarar: Erna Björg Guðlaugsdóttir, Guðbjörg Bjarnadóttir, Guðrún Þóra Bjarnadóttir, Haraldur Þorvarðarson, Alma Rut Sigmundsdóttir, María Skúladóttir, Matthías Jochum Matthíasson, Sigríður Rafnsdóttir og Þuríður Aðalsteinsdóttir



Íþróttir 9. bekkur 2025-2026

Helstu áherslurnar eru: leikir, samvinna, hreyfing og virkni. Að nemendur kunni skil á mismunandi leikjum og íþróttagreinum.

Kennsluaðferðir

Við notumst við mismunandi leiki og formkennslu svo sem stöðvar, leiki með og án áhalda, hringþjálfun og fleira.

Uppbygging kennslu er þannig: Upphitun, aðalþáttur 1 og aðalþáttur 2 og niðurlag.

Kennt er í íþróttahúsi Ingunnarskóla og í nærumhverfi skólans.

Námsefni og gögn

Boltar, kistur, kaðlar, spaðar, húllahringir, sippubönd, dýnur og margt fleira.

Námsmat

Á eldri stigum metum við nemendur eftir virkni, viðhorfi, mætingu og framkomu ásamt stöðluðum íþróttaprófum. Þessi stöðluðu próf meta styrk, snerpu, samhæfingu og þol nemanda.

Kennarar Haraldur Þorvarðarson og Matthías Jochum Matthíasson



Sund 9. bekkur 2025-2026

Við lok 9. bekkjar getur nemandi:

Líkamsvitund, leikni og afkastageta: gert æfingar sem reyna á loftháð og loftfirrt þol, sýnt leikni og synt viðstöðulaust í bringusundi, baksundi, skriðsundi og kafsundi auk þess að geta troðið marvaða.

Félagslegir þættir: skilið mikilvægi virðingar og góðrar framkomu til að efla liðsandann og skilið mikilvægi góðrar ástundunar, sjálfsaga, sjálfstæðra vinnubragða, samvinnu og tillitsemi í tengslum við góðan árangur í íþróttum.

Heilsa og efling þekkingar: útskýrt þjálfunaraðferðir og notað hugtök sem tengjast sundiðkun og ýmsum íþróttum.

Öryggis- og skipulagsreglur: tekið ákvarðanir á grundvelli öryggis- og umgengnisreglna og brugðist við óvæntum aðstæðum. Framkvæmt og útskýrt helstu atriði skyndihjálpar, endurlífgunar og björgunar úr vatni og notkun björgunaráhalda. Bjargað jafningja á björgunarsundi.

Kennsluaðferðir

Nemandi þjálfir sig í að fara eftir reglum á sundstöðum. Í lok níunda bekkjar er miðað við að nemandi geti framkvæmt eftirfarandi þætti: 500 metra þolsund, 50 m skólabaksund, 15 m björgunarsund með jafningja, 8 m kafsund, 50 m bringusund, synt undir 1:14 mín, 50 m skriðsund, synt undir 1:00, 50m baksund synt undir 1:15, Sund í fötum; stunga af bakka, 50 metra fatasund þar af 8-10 metra kafsund. Troða marvaða og afklæðast á sundi. Synda sömu vegalengd til baka.

Leiðsagnarmat:

Gefin er einkunn fyrir hvern og einn þátt: **S** fyrir settu marki náð, **F** fyrir framvinda góð, **Þ** fyrir þarfnast frekari þjálfunar.

Lokamat: A lýsir framúrskarandi hæfni, B lýsir sæmilegri hæfni, C lýsir góðri hæfni, D hæfni sem ekki nær viðmiðum sem lýst er í C

Kennari Gábor Réz